

REGLUGERÐ

164

22. sept.

um Innkaupastofnun ríkisins.

1. gr.

Hlutverk Innkaupastofnunar ríkisins er að annast innkaup og útvegum á vörum, sem ríkisstofnanir þarfnast og nauðsynlegar eru vegna sérstakra framkvæmda ríkisins eða rekstrar, sem ríkisstofnanir hafa með höndum.

2. gr.

Forstjóri stofnunarinnar má ekki hafa á hendi önnur störf, er snerta verzlun og viðskipti, og ekki má hann vera í stjórn verzlunarfyrirtækja.

3. gr.

Innkaupastofnunin selur eða útvegar ríkisstofnunum allar vörur við kostnaðarverði, að viðbættum ómakslaunum, er skulu yfirleitt miðuð við það, að þau greiði kostnaðinn við rekstur stofnunarinnar.

4. gr.

Innkaupastofnunin annast innkaup fyrir allar stofnanir, sem reknar eru fyrir rekning ríkissjóðs að öllu eða einhverju leyti, eða hafa með höndum sérstakar framkvæmdir, sem kostaðar eru eða styrktar verulega af ríkissjóði. Ber stofnunum þessum að láta Innkaupastofnunina annast innkaup sín. Ráðherra getur þó heimilað undanþágur, enda liggja fyrir umsögn forstjóra Innkaupastofnunarinnar.

Ákvæði þessi taka þó ekki til innkaupa, sem einkasölum ríkisins eru falin samkvæmt lögum.

5. gr.

Innkaupastofnunin skal viðhafa þá meginreglu að kaupa eigi inn aðrar vörur en þær, sem fyrirfram er vitað, að ríkisstofnanir þarfnast, eða þær hafa pantað hjá Innkaupastofnuninni.

Öll meiri háttar vörukaup, að mati forstjóra, sem gerð eru á vegum stofnunarinnar, skulu gerð á þann hátt, að auglýst sé opinberlega eða óskað skriflega eftir tilboðum með hæfilegum fyrirvara. Skal jafnan tekið því boði, sem hagkvæmast getur talizt, miðað við verð, vörugæði, afgreiðslu og aðra skilmála, ef ekki hindra gjalddeyris- eða innflutningsráðstafanir.

Þeir, sem tilboð senda, skulu hafa rétt til að vera viðstaddir, þegar tilboðin eru opnuð. Forstjóri Innkaupastofnunarinnar ásamt forstjóra þeirrar stofnunar, er í hlut á, skera úr um hvaða tilboð séu hagkvæmust. Ef til ágreinings kemur, sker ráðherra úr.

6. gr.

Ráðherra ákveður, hversu mikið lánsfé Innkaupastofnuninni sé heimilt að hafa til umráða á hverjum tíma, og má hún ekki stofna til skulda umfram hina ákveðnu fjárhæð, nema með skriflegu leyfi ráðherra.

Innkaupastofnunin getur krafist kaupendur um fyrirframgreiðslu á pöntuðum vörum samkvæmt þeim skilmálum, sem hún þarf sjálf að hlíta.

7. gr.

Innkaupastofnunin skal senda viðskiptamálaráðuneytinu og fjármálaráðuneytinu fyrir 10. hvers mánaðar reikningsyfirlit fyrir mánuðinn næst á undan.

164

22. sept.

Ríkisstofnanir skulu senda Innkaupastofnuninni sundurliðaða áætlun um væntanlegar innkaupáþarfir sínar með nægum fyrirvara.

9. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 72 5. júní 1947, um Innkaupastofnun ríkisins, öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er reglugerð nr. 73 29. marz 1952, um Innkaupastofnun ríkisins, numin úr gildi.

Viðskiptamálaráðuneytið, 22. september 1959.

Gylfi Þ. Gíslason.

Yngvi Ólafsson.

165

24. sept.

S A M Þ Y K K T

um hundahald í Flateyrarkauptúni.

1. gr.

Bannað er hundahald í Flateyrarkauptúni nema með leyfi hreppsnefndar.

2. gr.

Hreppsnefndin getur veitt leyfi til hundahalds, ef ástæða þykir til og sérstökum skilyrðum er fullnægt, en aldrei mega hundar vera úti að næturlagi, er truflað geti svefn manna og raskað næturró.

3. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum allt að 1000 krónum.

Samþykkt þessi, er gerð var af hreppsnefnd Flateyrarhrepps 29. maí 1959, staðfestist hér með skv. heimild í 1. gr. l. nr. 7 1953 til að öðlast gildi þegar í stað.

Heilbrigðismálaráðuneytið, 24. september 1959.

F. h. r.

Gústav A. Jónasson.

Ragnar Bjarkan.

166

25. sept.

R E G L U G E R Ð

um skemmtanaskatt í Húsavíkurkaupstað.

1. gr.

Samkvæmt lögum nr. 34 22. nóv. 1918, sbr. lög nr. 30 19. júní 1922 og lög nr. 61 11. júní 1938, skal greiða skatt af skemmtunum fyrir almenning, sem haldnar eru í Húsavíkurkaupstað og aðgangur er seldur að og eigi eru með lögum undanþegnar skatti.

2. gr.

Þessar skemmtanir eru skattskyldar og flokkast þannig: